



Fundur Hverfisráð Bakkafjarðar

26. fundur í Hverfisráði Bakkafjarðar, haldinn mánudaginn 10. nóvember 2025 kl. 15.00 að Skólagötu 5, Bakkafirði.

Mætt: Gunnlaugur Steinarsson, Árni Bragi Njálsson, Freydís Magnúsdóttir og Rósa Björk Magnúsdóttir. Auk þess sat fundinn: Björn S. Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður spurði hvort athugasemdir væru við fundarboð – svo var ekki og fundur settur.

Fundargerð

1. Umsókn um rekstur á Bakkafirði frá Þorbergi Ægi Sigurðarsyni.

Lögð fram greinargerð með umsókn frá Þorbergi Ægi Sigurðarsyni.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin þakkar Þorbergi Ægi Sigurðarsyni fyrir umsóknina og greinargott yfirlit um hvernig hann mundi standa að rekstri gistingar, tjaldsvæðis og veitingastaðar á Bakkafirði næstu 2-3 árin með framlengingu samnings í huga. Eftir umræður í nefndinni stendur hún hinsvegar við fyrri ákvörðun um að fela sveitarstjóra að halda áfram viðræðum við Marko Umicevic og leggja drög að endanlegum samningi fyrir hverfisráð.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál

Árni Bragi spurði um málefni Lindarbrekku – Umhverfisfulltrúi er komin í málið og er að boða aðgerðir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Ekki prentari á staðnum þannig að ekki var hægt að skrifa undir fundargerð.